

**Nr. 035 / 12 Jakob Leó RE 174****Strandar á Kjalarnesi**

Skipaskr.nr. 6823  
 Smíðaður: Hafnarfirði 1986 plast  
 Stærð: 5,8 brl. 5,1 bt.  
 Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,9 m  
 Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m  
 Vél: Nanni 53 kW 1987  
 Fjöldi skipverja: 2



Jakob Leó ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. október 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni


*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. apríl 2012 var Jakob Leó RE 174 í Hofsvík á Kjalarnesi. Veður: N 2 m/sek. og bjartviðri.

Verið var að leggja grásleppunet þegar bátnum var siglt upp á grunn á stað, 64°13'349N og 021°51'613V, svo hann sat fastur. Var óskað eftir aðstoð. Varðskip var skammt undan og léttbátur frá því kom á staðinn og dró Jakob Leó RE af skerinu eftir að fallið hafði að í um hálf klukkustund.

Engar skemmdir fundust á bátnum á vettvangi og var veiðum haldið áfram. Þegar báturinn var tekinn á land sáust minniháttar ákomur fremst á kili.

**Við rannsókn kom fram:**

Ferill Jakobs Leós RE og strandstaður

- að skipstjórinn sagðist hafa verið með grásleppunet á hverri vertíð á Hofsvíkinni í hartnær 35 ár og vissi vel af boðanum. Hann sagðist hafa verið með þrjár trossur ofar á víkinni og ruglast á bauju sem var frá einni af trossunum þegar hann var að leggja netatrossu þarna fram. Hann hafi

ekki gætt nægjanlega vel að sér eða litið til miða og því fór sem fór enda var stórstraumsfjara þegar þetta gerðist;

- að sögn skipstjóra stendur boðinn í miðinu Brimnesið í Lágafellsbyggðina og svartur skúr á Kjalarnesinu upp í hlíð Akrafjalls;
- að sögn skipstjóra er djúprista bátsins um einn metri.

***Nefndarálit:***

Orsök strandsins var aðgæsluleysi skipstjóra.